



Fundargerð

Stjórn SSA mánudag 7. des. kl. 13.15.

Fundarstaður Hótel Hérað Egilsstaðir.

Mætt eru : Bj. Hafþór Guðmundsson , Páll Baldursson , Iris Valsdóttir , Guðmundur Ólafsson , Ólafur Sigurðsson, Ólafur Ármannsson og Eiður Ragnarsson í stað Valdimars O. Hermannssonar, sem boðaði forföll. Framkvæmdastjóri er mættur.

Fyrir fundinn var sameiginlegur hádegisverður , þar sem formaður hafði pantað möndlugraut í eftirrétt. Eftir mikla leit hitti svo stór-furðulega á að formaðurinn sjálfur veiddi möndluna upp úr sinni grautarskál .Sungu stjórnarmenn honum til heiðurs með sínu lagi “möndlusönginn” Verðlaun veitti höfðinginn og sérlegur vildarvinur formanns Ólafur Vopni. Að loknum góðum hádegisverði hófst stjórnarfundur.

1. Fundur settur .

Formaður setti fund og gengið var til fyrirliggjandi dagskrár.

2. Fundargerð stjórnar SSA 02.11.09.

Formaður sagði að efni liða 6 og 7 verði til umræðu undir lið 7 í dagskrá. 12.liður. formaður stjórnar vaxtarsamnings Páll Baldursson sagði frá stöðunni varðandi endurnýjun á Vaxtarsamningi . Fundargerðin síðan staðfest.

3. Fundargerð aðalfundar Héraðsnefndar Múlasýslna 02.11.09.

Verkefni HNM og fjárhagur yfir til SSA um nk. áramót.

Formaður sagði að nú yfirtaki SSA, samkvæmt samþykkt aðalfundar Héraðsnefndar Múlasýslna, verkefni og fjárhag HNM frá og með nk. áramótum. Fjárhagur og áætlun 2010 .famlag sveitarfélaga kr.850.000 ,sem færast yfir til SSA á að standa undir verkefnum og slitum á starfseminni.

Framlaginu sem, eins og áður ,er skipt niður á sveitarfélög eftir íbúafjölda, verður innheimt með framlagi sveitarfélaganna 2010 til SSA.

4. Frá landshlutasamtökum :

4/1 Eyþing: 209. fundur 12.10.09.

Lagt fram til kynningar.

5. Frá Samband íslenskra sveitarfélaga.

5/1 : Fundargerð stjórnar 768.fundur 30.10.09 og 769. fundar 27. nóvember. Umræður urðu um 2. lið-8.lið og 20.lið í fundargerð 768.og 6.lið í fundargerð 769. Engar samþykktir gerðar.

6. Drög að byggðaaætlun 2010-2013. www.byggdastofnun.is

Sameiginleg : Umsögn SSA-PFA og stoðstofnana.

Framkvæmdastjóri fór yfir hverjir hefðu komið að umsögninni og helstu áherslur sem þar koma fram. Jákvætt er að nú eru nefnd verkefni vistuð hjá ákveðnum aðilum og tímasett. Hlutur heimaðila hefði þar mátt vera meiri. Verkefnunum er ekki merkt fjármagn sem er ekki í takt við væntingar. Byggðaaætlun virðist ekki vera unnin í takt við t.t.20/20 Sóknaráætlun, sem er á frumstigi , þar sem m.a vinna á með samþættingu áætlana. GÓ sagði að Fljótsdalshérað hefði sent inn umsögn. Umsagnarfrestur var ekki ásættanlegur.

Stjórn SSA gerir ekki athugasemd við umsögn framkvæmdastjóra og stoðstofnana.

7. Starfshópar SSA : Staða verkefna :

Tilnefningar stjórnar og aðildarsveitarfélaga SSA í 3 starfshópa SSA:

Samantekt framkvæmdastjóra til stjórnar SSA:

Framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir samantektina og stöðuna.

A:Starfshópur SSA v/ flutningur á þjónustu fatlaða frá ríki til sveitarfélaga 2011.

Með vísan til samþykktar 43 aðalfundar SSA skrifaði framkvæmdastjóri bréf til aðildarsveitarfélaga og Svæðisskrifstofu um tilnefningar 19.11.09

Tilnefnt hefur verið þannig:

Einn fulltrúi Fljótsdalshérað : Eiríkur Bj. Björgvinsson

Einn fulltrúi Fjarðabyggð : Hildur Ýr Gísladóttir

Tveir fulltrúar önnur sveitarfélög: Ólafur Hr. Sigurðsson

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Fulltrúi Svæðisskrifstofa : Soffía Lárusdóttir.

Stefnt er á að kalla starfshópin saman fyrir áramót.

B: Starfshópur SSA og Sveitarstjórnarráðherra.”Austurland eitt sveitarfélag “

Framkvæmdastjóri hefur í framhaldi af samþykkt stjórnar 02.11.09 skrifað

aðildarsveitarfélögunum bréf 07.11.09 og óskaði eftir tilnefningum :

Tilnefningar hafa borist þannig:

Andrés Skúlason Djúpvogi- Páll Baldursson Breiðdalsvík-Smári Geirsson

Fjarðabyggð – Guðmundur Ólafsson Fljótsdalshéraði-Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Fljótsdalshreppi –Jón Þórðarson Borgarfirði –Ólafur Hr. Sigurðsson Seyðisfirði og

Ólafur Ármannsson Vopnafirði.

Fulltrúar ráðuneytisins í verkefninu eru Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri-

Stefanía Traustadóttir sérfræðingur og Sigurður Tómas Björgvinsson

stjórnsýsluráðgjafi. Framundan er fyrsti formlegi fundur starfshópsins.

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hefur setið 3 fundi (14.10-05.11-og 02.12.) syðra

með m.a ráðherra - fulltrúum ráðuneytisn og jöfnunarsjóðs. Verkefni SSA verður

viðurkennt sem sjálfstætt tilraunaverkefni sem fær framlag úr jöfnunarsjóði

sveitarfélaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Til stóð hjá ráðherra að kynna átaksverkefni ráðuneytisn og Sambands ísl.

sveitarfélaga “Nýjar leiðir í sameingum sveitarfélaga”á Egilsstöðum á morgun 8.des.

Óskað var eftir því að verkefni SSA “Austurland eitt sveitarfélag” verði kynnt á þeim

kynningarfundum. Fresta verður fundinum vegna anna ráðherra m.a. á Alþingi.

Stefnan er sett á kynningarfund mánudaginn 14. des. nk.

C: Starfshópur SSA : Framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga í SSA

:Stjórn SSA tók verkefnið fyrir á stjórnarfundum 02.11.09. (sjá lið 7/1)

Eftirtaldir skipa starfshópinn. Bj. Hafþór Guðmundsson formaður , Smári Geirsson og

Eiríkur Bj, Björgvinsson. Haldnir hafa verið tveir fundir á síma 17/11 og 25/11.

Eftirtaldir hafa nú verið tilnefndir af stöðstofnunum til samráðs: Stefanía

Kristinsdóttir (menntun og rannsóknir) Hafliði Hafliðason (atvinna –þróun og

nýsköpun) og Óðinn G. Óðinsson (stjórnsýsla og velferð)Framkvæmdastjóri SSA og

Björg Ágústsdóttir Alta ehf vinna með hópnum . Hópurinn byggir framhaldsvinnu

sína m.a á niðurstöðum úr skýrslu starfshópsins frá 17. sept sl og samþykkt 43.

aðalfundar SSA. Hann á að skila tillögum sínum til aukaaðalfundar SSA mars/apríl

2010.

8. Samgöngumál :

8/1 Endurskoðun samgönguáætlunar . (Áherslur aðalfundar 2009).

Fyrirliggjandi eru samþykktir og áherslur í samgöngumálum frá 43. aðalfundi SSA. Stjórn SSA fer nú m.a. með samgöngumálin , eftir að samgöngunefnd SSA var lögð niður á síðasta aðalfundi. Íris spurðist fyrir um kort, sem þurfti leiðrétingar við, og fylgja átti með samþykkt aðalfundarins um samgöngumál. Eiður sem m.a. var talsmaður samgöngunefndar á aðalfundinum tekur að sér að koma rétta kortinu til framkvæmdastjóra.

Stjórn SSA samþykkir að ítreka og vísar áherslum 43. aðalfundar SSA 2009 í Samgöngumálum til ráðherra- þingmanna og samgöngunefndar Alþingis v/ endurskoðunar á samgönguáætlun. Horfa skal sérstaklega til samþykktar um “Framtíðarsýn í landssamgöngum á Austurlandi” forsendur og áherslur á tímabilinu 2011-2022.

8/2 Nýjar snjómokstursreglur. Vetrarþjónusta Vr 2009-2010.

Í fréttailkynningu Vr frá 19. nóv .sl er tilkynnt um skerta vetrarþjónustu 2010 sem Samgönguráðherra hefir staðfest. Ljóst er að þjónustan við vegi að og frá Austurlandi til næstu landshluta, Norður-Suður, er dregin saman og einnig þjónustan innan landshlutans. Það leiðir af sér meiri kostnað sveitarfélaganna við t.d skólakstur og umferðaröryggi er skert. Ó.Á . og P.B. falið að koma saman ályktun til ráðherra og vegamálastjóra.

8/3 Þjónustusamningar Vr við sveitarfélögin.

ÓS fór yfir og sagði nauðsynlegt að taka upp þjónustusamningana við Vr þar sem þeir væru í gildi. Eftirfarandi samþykkt :

Stjórn SSA harmar þá afstöðu Vegargerðarinnar að þjónustusamningar við sveitarfélögin séu ekki verðbættir. Engar breytingar hafa verið gerðar á þjónustukröfum af hálfu Vegargerðarinnar og ljóst að á síðustu árum hafa því sveitarfélögin verið taka á sig aukinn kostnað vegna þessara verkefna svo að munar tugum prósentu. Furðu sætir að ekki skuli a.m.k. tekið tillit til augljósra kostnaðarhækkana sem stafa af gríðarlegum verðhækkunum á eldsneyti og rafmagni.

9. Fjárhagur sveitarfélaganna : Horfur á nýju ári.

Fram kom hjá öllum stjórnarmönnum að vinnu við fjárhagsáætlun er að ljúka og stefnt er á , þrátt fyrir mjög þrönga stöðu ,að skila áætlunum nálægt núllinu.

Fjármagnskostnaðurinn eins og hann hefur verið og stefnir í að verða áfram er nær óviðráðnalegur. Reynt er að verja velferðarkerfið eins og hægt er og hækkunum á gjaldskrá haldið í lágmarki.

10 . Opinber störf ríki/sveitarfélög .

Fram kom í svari fjármálaráðherra á Alþingi að opinberum starfsmönnum hefur fjölgað um 27% frá árinu 2000 eru nú 28.700 stöðugildi þar af 14.700 hjá sveitarfélögum. Á tímabilinu 1996-2006 hafa verkefni verðið færð á milli ríkis og sveitarfélaga s.s grunnskólarnir og launavinnsla heilbrigðisstofnana og fl.

Í umræðum stjórnar kom fram að Austurland liggur á eftir öðrum landshlutum hvað varðar flutning á nýjum verkefnum/störfum ríkisins til landshlutans (Norð-aust nefndin). Leggja verður áherslu á að rétta hlut landshlutans í þeirri vinnu sem nú er framundan s.s. í 20/20 Sóknaráætlun landshluta og eflingu sveitarstjórnarstigsins.

11. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga :

11/1 Búndin áætluð framlög til landshlutasamtaka 2010. Bréf 17.11.09.
Fram kemur að endanlegt framlag 2008 er 17.069.000 kr. á hver samtök Ofgreiðsla
að upphæð 6.000 kr er dregin frá framlagi í okt. sl.

Áætlað framlag 2010 er 16.400.000 allnokkuð hærra en áætlun SSA gerir ráð fyrir.

11/2 Ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðs Bréf 20.11.09.

Sjá lið 7.b Austurland eitt sveitarfélag. Afgreiðslu ráðgjafanefndar er frestað þar til
staðfesting á þáttöku allra aðildarsveitarfélaga SSA liggur fyrir (nú staðfest) og
áætlun um kostnað við verkefnið. (framkvæmdastjóri í samráði við HHH og
starfshópinur vinnur að aðgerðaráætlun og fjárhagsáætlun.)

12. Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar ,103. mál.

12/1 Umsögn SSA 14.09.09 og póstur Nefndarsvið 11.11.09.

Að höfðu samráði við formann SSA sendi framkvæmdastjóri nefndarsviði Alþingis
bréf 11. nóv sl þar sem ítrekuð er afstaða stjórnar SSA með vísan til umsagnar SSA
frá 14. sept. Ennfremur liggur fyrir umsögn Sambandsins frá 16. nóv. sl .

13. Fjöldi atvinnulausra í sveitarfélögum á Austurlandi í lok okt. 09.

Heimild : Vinnumálastofnun.

Atvinnuleysi alls á Austurlandi 242 þ.e. 100 karlar og 142 konur.
Fjarðabyggð alls 99, Fljótsdalshérað 73, Seyðisfjörður 17 Annarsstaðar færri.

14. Launaliður samnings SSA og framkvæmdastjóra SSA:

Samþykkt stjórnar frá 15. apríl 09. (BHG formaður)

(Undir þessum lið vék framkvæmdastjóri af fundi).

Form. fór yfir samþykkt stjórnar frá 15. apríl 2009, en þar var ákveðið með fullu
samþykki framkvæmdastjóra að lækka þáverandi launaliði hans í ráðningarsamningi
um 10%. Var þetta gert í ljósi þess að fyrirsjáanlegt þótti að tekjur SSA úr
Jöfnunarsjóði myndu lækka umtalsvert á árinu 2009. Skyldi sú ákvörðun gilda til loka
árs 2009. Í ljósi mikilla verkefna framundan hjá SSA og með hliðsjón af því að tekjur
úr Jöfnunarsjóði 2010 munu verða hærri en áætlanir hafa gert ráð fyrir, gerði form.
tillögu um að draga til baka framangreinda lækkun launa frá og með 1. jan. 2010 og
jafnframt að stjórnin veitti honum umboð til að ganga frá breytingum á launaliðum
samnings milli SSA og framkvæmdastjóra í samræmi við það.BHG:

Samþykkti stjórnin tillögu formanns samhljóða.

15. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál til umræðu og því þakkaði formaður stjórnarmönnum samstarfið
á árinu. Á nýju ári eru mörg stór og mikil verkefni sem þarf að takast á við m.a.
Framtíðarskipan samstarfs sveitarfélaga í SSA, stóreflingu sveitarstjórnarstigsins,
undirbúning möttöku á þjónustu við fatlaða, Sóknaráætlun Austurlands og
sveitarstjórnarkosningar í maí nk. Óskaði formaður stjórnarmönnum góðrar
heimferðar gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Sleit hann síðan fundi

Sign : Þorvaldur Jóhannsson.